

# Gjaldskrá

## Slökkviliðs Borgarbyggðar

### 1.gr.

Lög um brunavarnir nr. 75/2000, og með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim kveða meðal annars á um ábyrgð og skyldur sveitarstjórna á starfsemi slökkviliða þeirra, sem gegna nú ríku hlutverki í umhverfismálum og almennri björgun fólks og verðmæta.

Slökkvilið Borgarbyggðar starfar samkvæmt lögum þessum og er skipað eingöngu hlutastarfandi slökkviliðsmönnum. Slökkvilið Borgarbyggðar er eign og starfrækt af Borgarbyggð og fer með brunavarnir í Borgarbyggð. Einnig í Skorradalshreppi og Eyja-og Miklaholtshreppi samkvæmt gildandi samningum það að lútandi sem sveitarfélögin hafa gert sín á milli.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri slökkviliðsins og heyrir undir sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar.

Verkefni Slökkviliðs Borgarbyggðar eru því margvísleg og ákvarðast aðallega af gildandi lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Af öðrum verkefnum skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

### 2.gr.

Af gjaldskyldri starfsemi skal Slökkvilið Borgarbyggðar taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þessa. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald er fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns og ákvarðast af útgefni gjaldskrá slökkviliðsins sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn og uppreiknast í årsbyrjun hvers árs og tekur mið af gildandi neysluvísitölu. Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur einnig tekið ákvörðun um að auglýsa sérstaka gjaldskrá.

### 3.gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en annars einnar klukkustundar vinnu ef umsögnin er afgreidd án skoðunar á staðnum.

### 4.gr.

Gjald fyrir vinnu slökkviliðs Borgarbyggðar árið 2022 skal vera (miðað við nvt í jan 2022):

Tækifærisleyfi, veitingaleyfi, leyfi fyrir gistiheimili	
brennuleyfi, flugeldasýningaleyfi,	kr. 11.220 pr leyfi
Ef skoðun fylgir framangreindum leyfum	„ 33.630 pr leyfi
Magirus-Deutz dælubíll	„ 27.945 pr klst
Renault dælubíll	„ 30.160 pr klst
Iveco-Deutz dælubíll	„ 27.945 pr klst
Ford F 550 dælubíll	„ 14.680 pr klst
M-Benz dælubíll	„ 27.945 pr klst
Scania tankbíll (14.000 lítra)	„ 20.850 pr klst
M-Benz tankbíll	„ 20.850 pr klst
Körfubíll	„ 37.255 pr klst
Rosenbauer – Otter dæla (600 ltr)	„ 6.635 pr klst
Honda (100 ltr)	„ 6.635 pr klst
Zigler (1.600 ltr)	„ 6.635 pr klst
Toyhatsu (2.020 ltr)	„ 14.680 pr klst

Rafstöðvar (3 – 5,5 Kw)	„	6.635 pr klst
Vatnssuga með manni	„	12.220 pr klst
Bifreiðar 10 – 13 tonn	„	410 pr km
Bifreiðar 14 – 20 tonn	„	475 pr km
Slökkviliðsmenn, dagvinna	„	5.220 pr klst
Slökkviliðsstjóri, dagvinna	„	4.020 pr klst
Slökkviliðsstjóri, yfirvinna	„	6.110 pr klst
Vinna	„	11.205 pr klst

Virðisaukaskattur bætist við á þeim hluta gjaldskrárinnar sem hann á við skv gildandi lögum og reglum.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefnið telst þjóna ríkum almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum Slökkviliðs Borgarbyggðar. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

#### 5.gr.

Skrifstofa Borgarbyggðar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskrá skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal afla fjárnáms fyrir öllum skuldum samkvæmt ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. málsgrein 29. gr laga um brunavarnir.

#### 6.gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

#### 7.gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til búnaðarkaupa og samfélags- og forvarnaverkefna á vegum Slökkviliðs Borgarbyggðar.

#### 8.gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar, með heimild í sveitarstjórnar- lögum nr. 45/1998 með síðari breytingum og 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Gjaldskráin öðlast gildi við lögformlega birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr 1570/2020

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar 9. desember 2021.

Borgarnesi 15. desember 2021

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
sveitarstjóri